

### 3. fundur Hverfisráðs Selfoss haldinn í Tíbrá 10.Okt. 2019 kl.20:00

Mættir eru:

Fyrir hönd hverfisráðs

Kristján Eldjárn Þorgeirsson

Guðmundur Grétar Guðmundsson

Fyrir hönd bæjarfulltrúa

Helgi Sigurður Haraldsson

Frá Mannvirkja- og umhverfissviði

Atli Marel Vokes

1. Kristján lagði fram skýrslu frá Elínu Maríu Halldórsdóttur frá hverfisráði.

Óskað er eftir að metin sé þörf fyrir hraðahindranir í safngötu fyrir botnlanga í Gráhellu en umferð ásamt umferðarhraða hefur aukist mikið með tilkomu fleiri heimila en var í upprunalegu deiliskipulagi.

Á upprunalegu skipulagi var gert ráð fyrir göngustíg austan við Gráhellu (á milli hellna og landa) en einhverra hluta vegna var ákveðið að setja ekki þann göngustíg sem íbúum svæðisins finnst miður. Helgi tók fram að það væri göngustígur í safngötu sem hægt væri að nota til að komast til og frá skóla en samkvæmt teikningu frá Elínu þá sýnir hún réttilega að það fyrirkomulag hentar illa þar sem götur og þ.a.l. gangstígar skarast. Hverfisráð óskar þ.a.l. eftir því að þetta verði skoðað með öryggi íbúa í huga og breytingar gerðar eftir þörfum.

Í sömu skýrslu er einnig tekið fram að það séu engar gangstéttir í botnlöngum Gráhellu sem skapi mikla hættu þar sem bílar og gangangi/hjólandi vegfarendur vita ekki hvar gangstéttin er.

Helgi svaraði því til að skipulagið hefði allan tímann verið á þessa leið og að íbúar við Gráhellu hefðu fjárfest, vitandi hvernig málum væri háttað í þessum efnum, ekki væri samt úr vegi að skoða hvort það væri hægt að merkja göngustíga eða skoða frekar hvort það sé hægt að bæta við gangstéttum. Atli Marel tók undir það.

Að lokum kemur fram í skýrslunni að vöntun sé á leikvöllum á þessa svæði þar sem að mikið sé orðið um barnafólk sem þarf að fara langar leiðir til að komast á leiksvæði. Sem dæmi þá er grænt svæði á milli tjarna og hóla sem væri tilvalið að nýta sem svæði undir leiktæki af ýmsum toga.

Helgi og Atli fengu báðir eintök af þessari skýrslu.

2. Hverfisráð leggur til að öryggishliðum (sveifluhlið til að gera ráð fyrirsnjómokstri) verði komið fyrir við enda gangstíga sem liggja að íbúðagötum.

Íbúar hafa tekið eftir aukinni umferð um gangstíga á reiðhjólum og rafmagns- eða bensínvespum og koma ungir vegfarendur oftast en ekki á mikilli ferð inná umferðagötur sem skapar mikla hættu, ekki er alltaf svigrúm til að bremsa þrátt fyrir 30km hámarkshraða og þarf annað hvort að setja sveifluhlið á gatnamótum gangstíga og umferðagatna þannig að hjóla fólk hægi á sér eða hraðahindranir á göturnar.

Sveifluhlið gera það að verkum að hjólréiðafólk þyrfti að hægja á sér og sveigja framhjá hliðum en þeir sem sjá um t.a.m. snjómokstur þyrftu að opna hliðin á moksturdögum.

Hraðahindranir sem eru boltaðar í götuna er ekki hægt að fjarlægja vegna snjómoksturs og geta þ.a.l. auðveldlega skemmt í þeim aðgerðum.

Hverfisráð mælir með sveifluhliðum og finnst það vera ófrávíkjanleg krafa sem þarf að sinna sem fyrst.

3. Öryggi við göngustíga almennt, tré sem byrgja sín við umferðargötur sb. Þóristún/Fossvegur þarf að skoða um allan bæ og biðja eigendur að snyrta hjá sér að öðrum kosti verði það gert á kostnað viðkomandi. (líkt og gert hefur verið áður)
4. Hverfisráð biður aftur um stöðu á grenndargámum (sb. fundur 2) og fulltrúi sveitarfélags svarar því til að grenndargámar verði settir niður við Sunnulækjarskóla fljótlega, en eingöngu til reynslu til að byrja með, ef vel gengur þá verða grenndarstöðvar settar á fleiri staði.
5. Hverfisráð spurði út í stöðu bókasafns.  
Frágangur er á lokametrum og fagnar hverfisráð því að þessi framkvæmd átti sér stað til að tryggja betra aðgengi að þjónustuveri, upplýsingamiðstöð og bókasafni.  
Þegar þessi fundargerð er send inn til bæjaryfirvalda þá er búið að opna hluta bókasafns og er það vel.
6. Hverfisráð myndi gjarnan vilja að framkvæmdum eða lagfæringum á vinsælum íþróttamannvirkjum eins og Sundhöll Selfoss verði sinnt á öðrum dögum en þegar haustfrí/vetrarfrí eða vorfrí eru í skólum. Á þessum dögum safnast fjölskyldur mikið saman á þessum stað þannig að ef það er hægt að koma því að við aðrir dagar séu nýttir þá væri það vel.
7. Hugmynd kom upp með að skoða aðstæður fyrir almenningssalerni í bænum. Þar sem að Selfoss er vinsæll áningarstaður ferðamanna þá er ekki úr vegi að skoða hvaða aðstæður við höfum uppá að bjóða þegar kemur að salernisaðstöðu. Það þekkest víða erlendis að hafa almenningssalósett sem er greitt fyrir að nota sem myndi þá standa straum af kostnaði við framkvæmd og viðhald. Einnig þarf að skoða hvort og þá hvernig salernisaðstaða verður í boði á Sígtúnsreit eftir framkvæmdir? Er gert ráð fyrir að það verði leigðir útikamrar í hvert skipti sem það mun fara fram skemmtun á svæðinu eða er gert ráð fyrir salernisaðstöðu? Þar sem vonir standa til að íbúar bæjarins komi til með að nota svæðið meira þegar uppbygging hefur átt sér stað þá er ekki sanngjarnt að ætlast til þess að fyrirtæki í miðbæ Selfoss bjóði uppá salernisþjónustu fyrir gesti og gangandi.

Fundi slitið kl.21:30